

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík  
[umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Reykjavík, 14. apríl 2024.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 131 – 131. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). Hér er um að ræða frumvarp sem var einnig lagt fram á 153. löggjafarþingi (35. mál) en náði ekki fram að ganga. Félagið veitti umsögn dagsett 14. mars 2023 og ítrekar hér athugasemdir sínar.

Eins og vikið er að í greinargerð með frumvarpinu hafa #metoo-byltingar undanfarinna ára orðið til þess að hækka siðferðisþröskuld samfélagsins gegn kynferðislegum tilburðum gagnvart börnum. Vísað er í ákall um aukna réttarvernd barna gagnvart kynferðislegri misnotkun af hálfu fullorðinna einstaklinga og að núverandi réttarvernd nái ekki nógu vel til 15-17 ára barna. Einnig kemur fram að kynferðislegur lágmarksaldur hafi síðast verið hækkaður úr 14 árum í 15 ár með lögum nr. 61/2007 og að í greinargerð frumvarps til þeirra laga hafi verið talið varhugavert að hækka aldurinn enn frekar til að tryggja að einstaklingar sem eiga í kynferðislegu sambandi við einstaklinga á svipuðum aldri þyrftu ekki að sæta refsingu vegna þess. Þá er bent á varnagla í 2. málsli. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga sem sé sambærilegt ákvæðum sem erlendis hafi verið nefnd „Rómeó-og-Júlíu“ ákvæði sem snúi að því að samræði milli einstaklinga undir 15 ára séu ekki refsiverð þegar *gerandi* og *þolandi* séu á svipuðum aldri. Það vekur athygli að hér er nefnt *gerandi* og *þolandi* þegar verið er að ræða samræði milli einstaklinga sem ekki er talið falla undir kynferðislegt ofbeldi. Það er erfitt að sjá hvernig fyrrnefndur málsliður í 202. gr. geti verið sá varnagla sem vikið er að í greinargerðinni.

Félagið tekur undir mikilvægi þess að tryggja réttarvernd barna gagnvart kynferðislegri misnotkun. Hér þarf þó einnig að hafa í huga sjálfsákvörðunarrétt barna 15 ára og eldri sem samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga eru talin hafa nægan þroska til að svara til saka og hafa aðild að barnaverndarmáli sbr. 2. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. og 2. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 svo dæmi séu tekin. Vanda þarf til undirbúnings lagabreytinga eins og þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu og fá fram sjónarmið barna í öllu ferlinu auk almennrar umræðu. Það er mikilvægt að ákvæði í almennum hegningarlögum tryggi réttarvernd barna gagnvart því að fullorðnir einstaklingar misnoti yfirburðarstöðu til að eiga í kynferðislegu sambandi við börn 15 ára og eldri. Félagið tekur hins vegar undir það sem fram kemur í umsögn Umboðsmanns barna að taka þurfi til skoðunar hvaða áhrif slíkar lagabreytingar gætu haft á réttarvitund barna og viðhorf til eigin kynfrelsis. Gæta þarf að því að persónuleg samskipti ungmenna verði ekki gerð refsiverð þegar ótvírætt samþykki liggur fyrir og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Að ofansögðu tekur Félagsráðgjafafélag Íslands undir afstöðu Umboðsmanns barna um að ekki sé ráðlegt að hækka kynferðislegan lágmarksaldur án nánari skoðunar og samráðs við börn og heildstæðu mati á áhrifum breytinganna út frá réttindum barna. Félagið er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður